

Ed.

643. Nefndarálit

[149. mál]

um frv. til siglingalaga.

Frá samgöngunefnd.

Frv. þetta liggur nú fyrir Alþingi öðru sinni. Á síðasta þingi fékk nefndin málið til athugunar og sendi þá út beiðnir um umsagnir. Eftir þeim umsögnum var kallað að nýju í haust þegar frv. kom til nefndarinnar og hafa borist svör frá eftirgreindum aðilum:

Sjómannasambandi Íslands,
Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands,
Sjómannafélagi Ísfirðinga,
Félagi íslenskra botnvörpuskipaeigenda,
Landssambandi ísl. útvegsmanna,
Verkalýðsfélagi Akraness,
Stýrimannafélagi Reykjavíkur,
Stýrimannafélagi Íslands,
Slysavarnafélagi Íslands og Hafskipum hf.

Hefur nefndin haft mið af þessum umsögnum við umfjöllun um frv. og við gerð breytingartillagna sinna, en að öðru leyti felst nefndin á frv. í megindrátum.

Breytingar þær, sem lagt er til að gerðar verði á 2., 9., 20., 39., 68., 69., 70., 73., 87., 120., 122., 127., 152., 159., 174., 184., 196., 204. og 242. gr., eru einkum orðalagsbreytingar sem horfa til glöggvunar en þarfnast ekki sérstakrar skýringar.

Varðandi breytingartillögu við 199. gr. skal tekið fram að nefndin taldi að orðalag 2. másl. fyrri mgr. samkvæmt frv. gæti leitt til óæskilegrar niðurstöðu, einkum gagnvart sjómönnum sem stundum eiga erfitt um vik að gæta réttar síns sökum langvarandi fjarvista og þess háttar, og er því lagt til að þessu ákvæði frv. verði breytt á þann veg að hæfilegt tillit sé tekið að þessu leyti til þarfa þeirra en jafnframt til hagsmuna grandlausra viðsemjenda eigenda skips, svo sem nánar er skýrt í greinargerð er fylgdi frv.

Þeim breytingum, sem lagt er til að gerðar verði á 221. og 226. gr. frv., er ætlað að tryggja eftir föngum að rannsókn sjóslysa verði sem nákvæmest og leiði til fullrar vissu um orsakir slyss og er mælt með auknum lögreglurannsóknum í því augnamiði. Jafnframt er lagt til að lögtekin verði ákvæði um skráningar- og tilkynningarskyldu slysa.

Breytingartillaga nefndarinnar við 172. gr. frv. er til samræmis við samkomulag sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands annars vegar og Félag íslenskra botnvörpuskipaeigenda og Landssamband íslenskra útvegsmanna hins vegar gerðu með sér um það efni þann 28. febrúar 1985, í tilefni af þáverandi vinnudeilu sjómanna og útgerðarmanna.

Dr. Páll Sigurðsson dósent, formaður endurskoðunarnefndar siglingalaga, hefur unnið með nefndinni og aðstoðað hana á ýmsan hátt við meðferð málsins.

Alþingi, 26. mars 1985.

Egill Jónsson,
form., frsm.

Karl Steinar Guðnason,
fundaskr.

Árni Johnsen.

Jón Kristjánsson.

Kolbrún Jónsdóttir.

Skúli Alexandersson.

Valdimar Indriðason.